



Lögreglustjórnin á Suðurlandi

Fundur framkvæmdarráð almanna- og borgarinnar Árnessýslu.
13. okt kl 16:00 Björgunarmiðstöðinni Selfossi.

Yfirlit yfir helstu verkefni og stöðu.

- **Heimsvæðing COVID-19**

Þættir tengdir Covid-19 taka talsverðan tíma. Mikill tími fer í eftirlit, aðgerðir og leiðbeiningar það hefur þó heldur verið að minnka. Reglulega kemur þó í fréttum atburði sem sýna okkur að þetta er ekki búíð. Samráðsfundur með heilbrigðisyfirvöldum vegna aðgerða og undirbúnings. Fundir hafa verið boðaðir með bæjar- og sveitarstjórum eftir því sem atvik hafa kallað á. Einnig hefur AST komið saman á fjarfundum þegar atvik eða aðstæður hafa kallað á. Aðkoma að gerð leiðbeininga t.d. vegna gangna og rétta. Ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana með framkvæmd þeirra takmarkana sem settar hafa verið hverju sinni. Úrlausn mála þar sem útvega hefur þurft einstaklingum húsnæði vegna sóttkví eða einangrunar. Skipulag flutnings á sýnum til greiningar utan hefðbundins vinnutíma. Þetta er gert til að flýta fyrir að niðurstaða fái um hversu víðtæk smit eru og hægt sé að skipuleggja viðbrögð.

Fundað var hálf mánaðarlega með sóttvarnarlækni, landlækni og fulltrúum almanna- og borgarinnar ríkislögreglustjóra ásamt fulltrúum heilbrigðisstofnanna og lögreglu af öllu landinu. Nú eru þessir fundir boðaðir þegar þurfa þykir.

- **Langtímaáætlanir sveitarfélaganna samfélagsleg áföll**

Ræddi það á fundi hér í vor að fara þurfi yfir með sveitar- og bæjarstjórum þessar áætlanir. Markmið með þeirri yfirferð ætti að vera að sníða þær betur að þörfum hvers sveitarfélags. Gera þær styttri og markvissari. Það hafa öll sveitarfélög í umdæminu nema Árborg lokið við þessa áætlun. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir höfum við enga vitneskju um stöðuna hjá þeim.

Ræddi hér í vor að best væri að heimsækja hvert sveitarfélag og fara yfir þessa áætlun. Hef nú þegar hitt nokkra sveitarstjóra þar sem þetta hefur verið rætt sú vinna heldur áfram. Stefnum á formlega fundir til að fara í endurskoðun á þessum áætlunum. Eftirfarandi punktar yrðu þar hafðir til hliðsjónar.

- Hafa sveitarfélögin verið að nýta þær.
- Er eitthvað sem hefur þá komið upp í því ferli sem við gætum nýtt okkur til að þróa þær betur.
- Er eitthvað í þeim sem má betur fara
- Er eitthvað í þeim sem á ekki heima í þeim
- Mætti einfalda einhverja þætti áætlunarinnar.

- **Aðgerðarstjórn almanna- og borgarinnar og vettvangsstjórnir**

Í vor var fundað með svæðisstjórnnum Landsbjargar í umdæminu. Það eru þrjár svæðisstjórnir innan umdæmis lögreglustjórans á Suðurlandi, svæði 3 í Árnessýslu, svæði 16 Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla og Svæði 15 Austur-Skaftafellssýsla. Núna er verið að undirbúa heimsóknir til allra björgunarsveita í umdæminu. Til að fara meðal annars yfir stöðuna hjá þeim. Ræða staðsetningu hugsanlegra vettvangsstjórna ef til áfalla/aðgerða kemur. Þá mun verða farið yfir þjálfun einstaklinga sem væru í stjórnun í aðgerðum.



Lögreglustjórnin á Suðurlandi

Í júní var haldin tveggja daga námsstefna á Húsavík. Námsstefnan var undirbúin af almannavarnarnefndar ríkislögreglustjóra. Þar var verið að rýna framtíðar skipulag aðgerðarstjórnunar og viðbragðsáætlana sem og þjálfun og þekkingu aðgerðarstjórnenda.

Búið er að vinna að skipan vettvangsstjórna og ræða við einingar/aðila um hverjir skipast í þær. Skipaðar voru 7 vettvangsstjórnir vegna aðgerða í COVID-19. Reynslan þar sýnir að munur er á grunnskipun vettvangsstjórna eftir eðli aðgerða.

- **NSR samstarf - æfing**

Samstarf við Neyðarstjórn raforkufyrirtækja (NSR) meðal annars æfingar. Æfing verður haldin á morgun og sviðsmyndin er Heklugos svipað og árið 1947. Þessari æfingu hefur verið frestað vegna atburða á Reykjanesi í nokkur skipti. Í tengslum við þessa æfingu mun viðbragðsáætlun vegna Heklugoss verða endurskoðuð enda komin á tíma en hún er frá 2017.

- **Eldsumbrot á Reykjanesi**

Fundir og upplýsingarflæði vegna atburða á Reykjanesi. Reglulegir fundi með almannavörnum Ríkislögreglustjóra og vísindamönnum. Hluti af Árnassýslu hefur verið á óvissustigi vegna jarðskjálftahættu sem tengjast gosinu og óróanum sem fylgdi.

Gas mælur lögreglunnar nýtust frá fyrstu mínútum gos til að fylgjast með hvort gasmengun væri að koma yfir byggð í Ölfusi, Hveragerði og Árborg. Þegar útlit hefur verið fyrir óhagstæðar vindáttir frá gosstöðvunum fyrir byggð í umdæminu hefur reglubundnu eftirliti verið komið á. Mælur verið settir í bíla sem eru í eftirliti. Í umdæminu eru margir staðir sem geta valdið gasmengun og því var fjárfest í 4 mælum. Þeir mæla 4 tegundir. Súrefni O₂ Brennistein H₂S Brennisteinsdíoxíð SO₂ og Kolsýring CO

- **Sólheimajökull**

Veðurstofa Íslands er að vinna áhættugreiningu vegna jökulhlaupa. Fundað hefur verið með þeim vegna atriða er tengjast öryggi ferðamanna. Sérstaklega er verið að skoða hver er áhættan fyrir ferðamenn á svæðinu.

Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafði áður látið gera hættumat vegna flóða á þessu svæði.

- **Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta á Suðurlandi**

Miklar annir í almannavörnum ríkislögreglustjóra hafa seinkað þessari vinnu. Fyrir liggur beinagrind af viðbragðsáætlun sem hefur verið unnin með almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra. Verið að safna saman upplýsingum, gögnum og kortum frá Veðurstofu Íslands og vísindamönnum um þekkt sprungusvæði, líklegar stærðir skjálfta á Suðurlandi. Einnig er verið að horfa í líkindi skjálfta. Þetta er inngangshluti áætlunarinnar. Síðan á eftir að fara nánar í hverja og eina viðbragðseiningu og fara yfir hlutverk þeirra í áætluninni.

- **Viðbragðsáætlun vegna skógar og kjarrelda**

Stofnaður hefur verið starfshópur á landsvísu undir forsæti HMS og í honum sitja lögreglustjórnir á Suðurlandi og slökkviliðsstjóri BÁ.



Lögreglustjórnin á Suðurlandi

Í vor var sett á hættustig vegna mögulegra gróðurelda víða um land og náði það til alls umdæmisins nema Örfæfa og Vestur-Skaftafellssýslu. Reglulega var fundað með almannavörnum, slökkviliðsstjórum og sveitarstjórum vegna þessa ástands.

- **Viðbragðsáætlun vegna eldsumbrota í Örfæfajökli**

Miklar annir í almannavörnum ríkislögrelustjóra og Covid hafa seinkað þessari vinnu. En næstu skref eru kynningarfundir með íbúum í Örfæfum og æfingar. Nú í febrúar kom út skýrsla um eldgos í Örfæfajökli árið 1362 en í henni eru sett fram atriði sem sýna enn frekar mikilvægi rýmingar áður en gos hefst í Örfæfajökli. Niðurstaða þessarar rannsóknar er að gjóskuflóðin og gushlaupin voru fyrstu flóð sem mynduðust í eldgosinu. Slík flóð hlífa engu sem þau fara yfir. Eldgos í Örfæfajökli mun hafa áhrif á öllu Suðurlandi ef ekki öllu landinu.

- **Áhættumat vegna Svínafellsheiði**

Búið er að kynna áhættumat frá Veðurstofu Íslands vegna sprungunnar á Svínafellsheiði. Það er ákvörðun Sveitarfélagsins Hornafjarðar með hvaða hætti þau vilja formgera áhættumatið.

- **Áhættumat Reynisfjörú**

Drög að áhættumati eru til vegna Reynisfjörú. Komið er í gang samtal við SAF um aðkomu ferðarþjónustunnar að gerð viðmiða sem nýtist inn í vinnuna. Fyrstu drög að slíkum viðmiðum /yfirlýsingu eru nú þessa dagana að fara á milli aðila til yfirferðar og vænti ég þess að þetta komi fram bráðlega. Slíkt viðmið er mikilvæg forsenda fyrir að hægt sé að taka skipulega á nauðsynlegum áhættuþáttum með fyrirbyggjandi aðgerðum. Þessi markmið yrði síðan hægt að heimfæra yfir á fleiri ferðamannastaði t.d. Reykjadalur, Þingvöllum Gullfoss og Geysir

- **Hekla**

Óskað hefur verið eftir áhættugreiningu vegna ferðamanna á Heklu. Fundað hefur verið með Veðurstofunni og almannavarnardeild Ríkislögrelustjóra um stöðuna. Búið er að afmarka viðvörðunarsvæði ákveðinn radíus frá Heklu en ferðamenn sem koma inn fyrir þau mörk fá SMS-boð í farsíma. Eins og áður sagði er að hefjast endurskoðun á þessari viðbragðsáætlun.

- **Katla**

Á síðasta ári var lokið við gerð varnargarðs við Víkurklett. Garðurinn mun hindra að flóð geti komist beint inn til Víkur. Veðurstofan að ósk embættisins er að skoða sjávarflóð sem geta myndast vegna Kötlugos og lent á suður ströndinni svo sem Vík og víðar. Nú er beðið eftir endanlegum niðurstöðum á þessari hermun og kortum. Búið er að funda með Veðurstofunni þar sem drög að niðurstöðum voru kynntar. Í framhaldinu verður rýmingar- og viðbragsáætlun vegna Kötlu endurskoðuð.

- **Önnur verkefni og aðkoma**

Vísindaráð almannavarna vegna þeirrar náttúruvá sem eru innan umdæmisins. Reglulegir fundi ásamt því að brugðist er við þegar náttúruöflin láta á sér kræla.

Vísindamenn við Háskóla Íslands vísindavinna og fræðsla sem miðla er til AST. Halda uppi tengslaneti sem nýst getur til að ýta að æskilegum vísindaverkefnum er tengjast náttúruvá og þar með almannavörnum í umdæminu.



Lögrelustjórinn á Suðurlandi

Umsjón með boðunarkerfi almannavarna innan umdæmis

Umsjón með grunn rýni almannavarna aðgerða í umdæminu

Samskipti við Póst og fjarskiptastofnun vegna mælinga og úrbóta á fjarskiptum

Svara erindum og fyrirspurnum frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum er tengjast almannavörnum.

Verkefnastjóri Almannavarna á Suðurlandi
Björn Ingi Jónsson